

**Ed.**

**622. Frumvarp til laga**

**[339. mál]**

um sjóði atvinnuveganna.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

**I. KAFLI**

**Almenn ákvæði.**

**1. gr.**

Lög þessi taka til eftirgreindra sjóða atvinnuveganna: Búnaðarsjóðs, Iðnaðarsjóðs og Sjávarútvegssjóðs. Þegar vísað er til sjóða í lögunum er átt við þessa þrjá sjóði nema annað sé tekið fram.

Sjóðirnir eru, hver um sig, sjálfstæðar stofnanir.

**II. KAFLI**

**Búnaðarsjóður.**

**2. gr.**

Hlutverk Búnaðarsjóðs er að efla framleiðslu og framleiðni í landbúnaði og öðrum atvinnugreinum.

**3. gr.**

Stjórn Búnaðarsjóðs skal skipuð fimm mönnum sem landbúnaðarráðherra skipar til eins árs í senn að loknum ársfundi sjóðsins, sbr. 4. gr. Skulu tveir þeirra skipaðir samkvæmt tilnefningu Stéttarsambands bænda og tveir samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands en einn skipar ráðherra án tilnefningar. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna.

Formaður stjórnarinnar boðar hana til fundar. Til þess að fundur sjóðsstjórnar sé lögmætur þarf meiri hluti stjórnarinnar að sitja hann. Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða. Ársfundur, sbr. 4. gr., ákveður þóknun stjórnarmanna.

**4. gr.**

Fyrir lok maímánaðar ár hvert skal haldinn sérstakur ársfundur Búnaðarsjóðs. Stjórn sjóðsins boðar til fundarins. Á ársfundi skal stjórn sjóðsins leggja fram til umræðu og afgreiðslu ársskýrslu sjóðsins og reikninga fyrir liðið ár. Fundurinn kýs endurskoðendur sjóðsins, sbr. 54. gr., og ákveður þóknun stjórnarmanna, sbr. 3. gr. Ársfundur getur ákveðið að hluti ráðstöfunarfjár Búnaðarsjóðs skuli renna í sérstaka deild innan sjóðsins, sbr. 11. gr. og 14. gr.

Ársfundur getur gert tillögur til stjórnar sjóðsins um stefnumarkandi atriði er varða skipulag og starfsemi sjóðsins.

Rétt til setu á ársfundi með tillögurétti og atkvæðisrétti eiga 10 fulltrúar tilnefndir af Stéttarsambandi bænda og 10 fulltrúar tilnefndir af Búnaðarfélagi Íslands.

Stjórn sjóðsins getur auk þess boðið að sitja ársfund sjóðsins öðrum þeirra sem hún telur ástæðu til að sitji fundinn.

5. gr.

Verkefni stjórnar Búnaðarsjóðs eru þessi:

1. Að ráða forstöðumann sjóðsins.
2. Að ákveða starfsskipulag sjóðsins að því leyti sem það hefur ekki verið gert í reglugerð.
3. Að ákveða starfsáætlun og rekstraráætlun fyrir sjóðinn til eins árs í senn.
4. Að ákveða hvar handbært fé sjóðsins skuli geymt.
5. Að taka ákvarðanir um lántökur sjóðsins.
6. Að setja reglur um lánakjör sjóðsins.
7. Að taka ákvarðanir um veitingu lána og ábyrgða, svo og um úthlutun á styrkjum úr sjóðnum, sbr. 11. gr.
8. Að ráða löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga sjóðsins ásamt kjörnum endurskoðendum, sbr. 54. gr.

6. gr.

Forstöðumaður Búnaðarsjóðs hefur á hendi alla daglega stjórn sjóðsins samkvæmt nánari fyrirmælum sjóðsstjórnar. Forstöðumaður ræður sjóðnum starfsfólk í samráði við sjóðsstjórn.

7. gr.

Búnaðarsjóður veitir lán í samræmi við hlutverk sitt, sbr. 2. gr. laga þessara. Stjórn sjóðsins ákveður hvort sjóðurinn lánar beint eða fyrir milligöngu viðskiptabanka eða annarra lánastofnana.

8. gr.

Stjórn Búnaðarsjóðs ákveður hvaða tryggingar skuli settar fyrir lánnum úr sjóðnum. Metur stjórnin það í hverju tilviki hvort trygging sé fullnægjandi.

Sjóðsstjórn getur sett það sem skilyrði að lánað sé gegn sjálfskuldarábyrgð viðskiptabanka eða annarra lánastofnana.

9. gr.

Stjórn Búnaðarsjóðs ákveður lánstíma og önnur lánakjör sjóðsins. Stjórninni er heimilt að ákveða að lánakjör og lánshlutföll séu mismunandi eftir því hvaða tryggingar eru settar fyrir lánnum. Þegar viðskiptabankar eða aðrar lánastofnanir ábyrgjast lán úr sjóðnum getur stjórnin ákveðið að lánakjör séu hagstæðari fyrir lántakendur og lánshlutföll hærri en ella væri.

10. gr.

Búnaðarsjóður getur veitt ábyrgðir á lánnum í samræmi við hlutverk sitt, sbr. 2. gr. laga þessara, eftir ákvörðun sjóðsstjórnar hverju sinni.

11. gr.

Innan Búnaðarsjóðs skal starfa sérstök deild er hafi það hlutverk að styðja nýsköpun og umbætur í landbúnaði eða öðrum atvinnugreinum.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita úr deild þessari lán eða styrki til framleiðniaukningar og hagræðingar í landbúnaði eða öðrum atvinnugreinum og til atvinnurekstrar á bújörðum. Má jöfnum höndum styrkja rannsóknir og framkvæmdir er miða að lækkun framleiðslu- og dreifingarkostnaðar í landbúnaði eða öðrum atvinnugreinum, svo og framkvæmdir er stefna að því að samræma framleiðslu í landbúnaði eða öðrum atvinnugreinum þörfum þjóðfélagsins miðað við markaðsaðstæður innan lands og utan á hverjum tíma. Þá má og veita lán eða styrki úr deildinni til eflingar nýrra búgreina eða annarra viðfangsefna í landbúnaði, til markaðsöflunar og til fjárhagslegrar endurskipulagningar búrekstrar eða breytinga á búskaparháttum á lögbýlum.

Lán sem veitt eru skv. 2. mgr. þessarar greinar getur sjóðsstjórn ákveðið að afskrifa ef verkefni, er lánað hefur verið út á, ber ekki tilætlaðan árangur.

Stjórn sjóðsins er í samræmi við hlutverk deildarinnar heimilt að ráðstafa fjármunum hennar til þátttöku í stofnun nýrra fyrirtækja eða til kaupa á eignarhlutum í starfandi fyrirtækjum.

#### 12. gr.

Stjórn Búnaðarsjóðs er heimilt að ákveða að sjóðurinn taki þátt í fjárfestingar- og þróunarfélögum, enda samrýmist slík þátttaka hlutverki sjóðsins, sbr. 2. gr. laga þessara.

#### 13. gr.

Búnaðarsjóður tekur við gildistöku laga þessara við öllum eignum Stofnlánadeildar landbúnaðarins og Byggingastofnunar landbúnaðarins samkvæmt lögum nr. 45/1971 og Framleiðnisjóðs landbúnaðarins samkvæmt lögum nr. 89/1966, svo og skuldbindingum þessara aðila.

#### 14. gr.

Tekjur Búnaðarsjóðs eru:

1. Eignir Stofnlánadeildar landbúnaðarins og Framleiðnisjóðs landbúnaðarins.
2. Gjald á söluvörur og þjónustu landbúnaðarins er hér segir:
  - a) ½% á söluvörur í alifugla- og svínarækt, land- og veiðileigu.
  - b) 1% á annað sem gjaldskylt er.Gjald þetta skal ákvarða og innheimta á sama hátt og búnaðarmálasjóðsgjald.
3. Gjald á óniðurgreitt heildsöluverð landbúnaðarvara er nemi 1%. Gjald á vörur, sem ekki eru verðlagðar af fimmannanefnd, skal miða við áætlað heildsöluverð. Heimilt er landbúnaðarráðherra að ákveða endurgreiðslu þessa gjalds eða niðurfellingu þess við útflutning afurða sem ekki njóta útflutningsbóta úr ríkissjóði eða þegar útflutningsbætur hrökkva ekki lengur til. Sölusamtök framleiðenda og aðrir seljendur á heildsölustigi skulu standa skil á gjöldunum. Gjald þetta nær til allra sömu vörutegunda og gjald skv. 2. tl. þessarar greinar. Innheimta skal sama gjald af innfluttum kartöflum og tekið er af kartöflum framleiddum innanlands.
4. Jöfnunargjald, 1%, er skal reikna og innheimta á sama hátt og segir í 3. tl.
5. Önnur framlög.
6. Fjármagnstekjur.

Búnaðarsjóður getur samið við annan aðila um að hann annist innheimtu á gjöldum samkvæmt þessari grein. Skal innheimta og álagning gjaldanna fara fram samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Eignir Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og sérstök framlög, þ. á m. tekjur af hinu sérstaka fóðurgjaldi, sbr. 34. gr. laga nr. 46/1985, og framlög ríkissjóðs skv. 37. gr. sömu laga og eftir atvikum hluti ráðstöfunarfjár Búnaðarsjóðs samkvæmt ákvörðun ársfundar sjóðsins hverju sinni, skulu renna í sérstaka deild innan Búnaðarsjóðs, sbr. 11. gr. laga þessara. Fé þessu og fjármagnstekjum af því skal haldið aðgreindu í bókhaldi og reikningum sjóðsins.

#### 15. gr.

Stjórn Búnaðarsjóðs getur ákveðið að við sjóðinn skuli starfrækt sérstök tryggingardeild útflutningslána er hafi sama hlutverk og samnefnd deild við Iðnaðarsjóð, sbr. 27. gr. Skulu þá um starfsemi deildarinnar gilda, að breyttu breytanda, ákvæði 28. og 29. gr., þ. á m. ákvæði um greiðsluábyrgð Ríkisábyrgðasjóðs, um hámark heildarskuldbindinga deildarinnar og um að iðgjöld og starfsreglur deildarinnar skuli háð samþykki fjármálaráðherra.

Landbúnaðarráðherra getur, samkvæmt tillögum stjórnar Búnaðarsjóðs, sett nánari ákvæði um skiplag sjóðsins og framkvæmd laga þessara í reglugerð, þ. á m. sérstök ákvæði um tryggingar fyrir lánum, lánstíma og önnur lánakjör sjóðsins, sbr. 8. og 9. gr.

Landbúnaðarráðherra skal setja sérstaka reglugerð um úthlutun fjármagns þess sem rennur í hina sérstöku deild innan Búnaðarsjóðs, skv. 34. gr. og 37. gr. laga nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

### III. KAFLI

#### Iðnaðarsjóður.

16. gr.

Hlutverk Iðnaðarsjóðs er að efla framleiðslu og framleiðni í iðnaði og öðrum atvinnugreinum.

17. gr.

Stjórn Iðnaðarsjóðs skal skipuð fimm mönnum sem iðnaðarráðherra skipar til eins árs í senn að loknum ársfundi sjóðsins, sbr. 18. gr. Skulu tveir þeirra skipaðir samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra iðnrekenda og tveir samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna en einn skipar ráðherra án tilnefningar. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna.

Formaður stjórnarinnar boðar hana til fundar. Til þess að fundur sjóðsstjórnar sé lögmætur þarf meiri hluti stjórnarinnar að sitja hann. Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða.

Ársfundur, sbr. 18. gr., ákveður þóknun stjórnarmanna.

18. gr.

Fyrir lok maímánaðar ár hvert skal haldinn sérstakur ársfundur Iðnaðarsjóðs. Stjórn sjóðsins boðar til fundarins. Á ársfundi skal stjórn sjóðsins leggja fram til umræðu og afgreiðslu ársskýrslu sjóðsins og reikninga fyrir liðið ár. Fundurinn kýs endurskoðendur sjóðsins, sbr. 54. gr., og ákveður þóknun stjórnarmanna, sbr. 17. gr.

Ársfundur getur gert tillögur til stjórnar sjóðsins um stefnumarkandi atriði er varða skipulag og starfsemi sjóðsins.

Rétt til setu á ársfundi með tillögurétti og atkvæðisrétti eiga 10 fulltrúar tilnefndir af Félagi íslenskra iðnrekenda og 10 fulltrúar tilnefndir af Landssambandi iðnaðarmanna.

Stjórn sjóðsins getur auk þess boðið að sitja ársfund sjóðsins öðrum þeim sem hún telur ástæðu til að sitji fundinn.

19. gr.

Verkefni stjórnar Iðnaðarsjóðs eru þessi:

1. Að ráða forstöðumann sjóðsins.
2. Að ákveða starfsskipulag sjóðsins að því leyti sem það hefur ekki verið gert í reglugerð.
3. Að ákveða starfsáætlun og rekstraráætlun fyrir sjóðinn til eins árs í senn.
4. Að ákveða hvar handbært fé sjóðsins skuli geymt.
5. Að taka ákvarðanir um lántökur sjóðsins.
6. Að setja reglur um lánakjör sjóðsins.
7. Að taka ákvarðanir um veitingu lána og ábyrgða, svo og úthlutun á styrkjum úr sjóðnum, sbr. 25. gr.
8. Að ráða löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga sjóðsins ásamt kjörnum endurskoðendum, sbr. 54. gr.

20. gr.

Forstöðumaður Iðnaðarsjóðs hefur á hendi alla daglega stjórn sjóðsins samkvæmt nánari fyrirmælum sjóðsstjórnar.

Forstöðumaður ræður sjóðnum starfsfólk í samráði við sjóðsstjórn.

21. gr.

Iðnaðarsjóður veitir lán í samræmi við hlutverk sitt, sbr. 16. gr. laga þessara.

Stjórn sjóðsins ákveður hvort sjóðurinn lánar beint eða fyrir milligöngu viðskiptabanka eða annarra lánastofnana.

22. gr.

Stjórn Iðnaðarsjóðs ákveður hvaða tryggingar skuli settar fyrir lánnum úr sjóðnum. Metur stjórnin það í hverju tilviki hvort trygging sé fullnægjandi.

Sjóðsstjórn getur sett það sem skilyrði að lánað sé gegn sjálfskuldarábyrgð viðskiptabanka eða annarra lánastofnana.

23. gr.

Stjórn Iðnaðarsjóðs ákveður lánstíma og önnur lánakjör sjóðsins. Stjórninni er heimilt að ákveða að lánakjör og lánshlutföll séu mismunandi eftir því hvaða tryggingar eru settar fyrir lánnum. Þegar viðskiptabankar eða aðrar lánastofnanir ábyrgjast lán úr sjóðnum getur stjórnin ákveðið að lánakjör séu hagstæðari fyrir lántakendur og lánshlutföll hærri en ella væri.

24. gr.

Iðnaðarsjóður getur veitt ábyrgðir á lánnum í samræmi við hlutverk sitt, sbr. 16. gr. laga þessara, eftir ákvörðun sjóðsstjórnar hverju sinni.

25. gr.

Innan Iðnaðarsjóðs skal starfa sérstök deild er hafi það hlutverk að styðja nýsköpun og umbætur í iðnaði eða öðrum atvinnugreinum.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita árlega úr deild þessari lán eða styrki til eftirgreindra verkefna:

1. Vörupróunar, hönnunar og annarrar nýsköpunar.
2. Útflutnings- og markaðsstarfsemi.
3. Annarra rannsókna og nýjunga í þarfir iðnaðarins eða annarra atvinnugreina.

Lán, sem veitt eru samkvæmt þessari grein, getur sjóðsstjórn ákveðið að afskrifa ef verkefni, sem lánað hefur verið út á, ber ekki tilætlaðan árangur.

Stjórn sjóðsins er, í samræmi við hlutverk deildarinnar, heimilt að ráðstafa fjármunum hennar til þátttöku í stofnun nýrra fyrirtækja eða til kaupa á eignarhlutum í starfandi fyrirtækjum.

26. gr.

Stjórn Iðnaðarsjóðs er heimilt að ákveða að sjóðurinn taki þátt í fjárfestingar- og þróunarfélögum enda samrýmist slík þátttaka hlutverki sjóðsins, sbr. 16. gr. laga þessara.

27. gr.

Við Iðnaðarsjóð skal starfrækt deild er nefnist tryggingardeild útflutningslána.

Hlutverk tryggingardeildar útflutningslána skal vera:

1. Að taka að sér að tryggja lán er bankar eða aðrar lánastofnanir veita innlendum framleiðendum vöru eða þjónustu til fjármögnunar á útflutningslánnum sem veitt eru eða útveguð erlendum kaupendum.

2. Að tryggja kröfur íslenskra útflytjenda á hendur erlendum kaupendum, enda hafi þær orðið til vegna útflutnings á íslenskum vörum eða þjónustu.
3. Að tryggja, þegar sérstaklega stendur á, samkeppnislán til innlendra aðila er kaupa vélar, tæki og aðrar fjárfestingarvörur sem framleiddar eru innanlands.
4. Að selja ábyrgðartryggingar fyrir þjónustu sem íslenskir aðilar veita erlendis.

#### 28. gr.

Stjórn Iðnaðarsjóðs ákveður iðgjöld tryggingardeildar útflutningslána, en háð skulu þau vera samþykki fjármálaráðherra. Við ákvörðun þeirra skal við það miðað að þau standi undir rekstri deildarinnar og greiðslu tjónabóta. Starfsemi deildarinnar skal haldið aðgreindri í bókhaldi og reikningum sjóðsins.

Tekjuafgangur leggst í sérstakan varasjóð og skal honum varið til greiðslu tjónabóta.

Nægi fé deildarinnar, þ.m.t. varasjóður, ekki til greiðslu tjónabóta skal greiða það sem á vantar úr Ríkisábyrgðasjóði. Nú fellur greiðsla á Ríkisábyrgðasjóð vegna þess og skal þá miðað við að iðgjöld tryggingardeildar útflutningslána breytist þannig að deildin geti endurgreitt Ríkisábyrgðasjóði það sem sjóðurinn hefur innt af hendi.

#### 29. gr.

Greiðsluskilmálar lána, sem tryggingardeild útflutningslána tryggir, skulu vera í samræmi við almennar viðskiptavenjur erlendis og hér á landi með hliðsjón af vörugerð, eðli þjónustu, markaðsaðstæðum og öðrum þáttum sem máli skipta.

Heildarskuldbindingar tryggingardeildar útflutningslána vegna trygginga á útflutningslánum og öðrum kröfum mega aldrei nema hærri fjárhæð en jafnvirði 100 milljóna sérstakra dráttarréttinda (SDR).

Stjórn Iðnaðarsjóðs skal halda sérstaka stjórnarfundi um málefni tryggingardeildar útflutningslána. Fjármálaráðherra tilnefni fulltrúa sem boðaður skal á þá stjórnarfundi sem haldnir eru um málefni deildarinnar og hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt.

Stjórn Iðnaðarsjóðs setur tryggingardeild útflutningslána starfsreglur sem háðar skulu samþykki fjármálaráðherra.

#### 30. gr.

Iðnaðarsjóður tekur, við gildistöku laga þessara, við öllum eignum Iðnlánasjóðs samkvæmt lögum nr. 68/1967, þ. á m. eignum lánadeildar iðngarða, svo og skuldbindingum sjóðsins.

#### 31. gr.

Tekjur Iðnaðarsjóðs eru:

1. Eignir Iðnlánasjóðs skv. lögum nr. 68/1967.
2. Sérstakt gjald er innheimt af iðnaðinum í landinu. Skal gjald þetta nema 0,25% af aðstöðugjaldsstofni, sbr. V. kafla laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga. Undanþegin gjaldi þessu eru þó mjólkurbú, svo og allur kjöt- og fiskiðnaður, þó ekki lagmetisiðnaður. Gjald þetta skal á lagt af skattstjórum og innheimt af innheimtumönnum ríkisins. Gjaldþagi skal vera 1. ágúst ár hvert og má taka gjaldið lögtaki, sbr. lög nr. 29/1885, um lögtak og fleira. Gjald þetta skal vera frádráttarbært sem rekstrarkostnaður við álagningu tekjuskatts og tekjuútsvars.
3. Önnur framlög.
4. Fjármagnstekjur.

Eignir vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs skv. lögum nr. 68/1967 renna í sérstaka deild innan Iðnaðarsjóðs, sbr. 25. gr. laga þessara. Í deild þessa skulu og renna <sup>4/7</sup> hlutar af því gjaldi sem innheimt er af iðnaðinum í landinu skv. 2. tl. þessarar lagagreinar. Fé þessu og fjármagnstekjum af því skal haldið aðgreindu í bókhaldi og reikningum sjóðsins. <sup>2/7</sup> hlutar af því gjaldi, sem innheimt er af iðnaðinum í landinu skv. 2. tl. þessarar greinar, skulu renna óskiptir til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins.

32. gr.

Iðnaðarráðherra getur, samkvæmt tillögum stjórnar Iðnaðarsjóðs, sett nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og framkvæmd laga þessara í reglugerð, þ. á m. sérstök ákvæði um tryggingar fyrir lánnum, lánstíma og önnur lánakjör sjóðsins, sbr. 22. og 23. gr.

#### IV. KAFLI

##### Sjávarútvegssjóður.

33. gr.

Hlutverk Sjávarútvegssjóðs er að efla framleiðslu og framleiðni í sjávarútvegi og öðrum atvinnugreinum.

34. gr.

Stjórn Sjávarútvegssjóðs skal skipuð fimm mönnum sem sjávarútvegráðherra skipar til eins árs í senn að loknum ársfundi sjóðsins, sbr. 35. gr. Skal einn þeirra skipaður samkvæmt tilnefningu Landssambands íslenskra útvegsmanna. Tveir þeirra skulu skipaðir samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, sjávarafurðadeildar Sambands íslenskra samvinnufélaga og Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda, en verði þessir aðilar ekki sammála um tilnefningu skal ráðherra tilnefna fulltrúa þess. Einn stjórnarmanna skal skipaður samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, en verði þessir aðilar ekki sammála skal ráðherra tilnefna hann. Einn stjórnarmanna skipar ráðherra án tilnefningar. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna.

Formaður stjórnarinnar boðar hana til fundar. Til þess að fundur sjóðsstjórnar sé lögmætur þarf meiri hluti stjórnarinnar að sitja hann. Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða.

Ársfundur, sbr. 35. gr., ákveður þóknun stjórnarmanna.

35. gr.

Fyrir lok maímánaðar ár hvert skal haldinn sérstakur ársfundur Sjávarútvegssjóðs. Stjórn sjóðsins boðar til fundarins. Á ársfundi skal stjórn sjóðsins leggja fram til umræðu og afgreiðslu ársskýrslu sjóðsins og reikninga fyrir liðið ár. Fundurinn kýs endurskoðendur sjóðsins, sbr. 54. gr., og ákveður þóknun stjórnarmanna, sbr. 34. gr.

Ársfundur getur gert tillögur til stjórnar sjóðsins um stefnumarkandi atriði er varða skipulag og starfsemi sjóðsins.

Rétt til setu á ársfundi með tillögurétti og atkvæðsrétti eiga fimm fulltrúar tilnefndir af Landssambandi íslenskra útvegsmanna og þrjár fulltrúar tilnefndir af hverjum eftirtalinna aðila: Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sambandi íslenskra samvinnufélaga, Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda, Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Stjórn sjóðsins getur auk þess boðið að sitja ársfund sjóðsins öðrum þeim sem hún telur ástæðu til að sitji fundinn.

36. gr.

Verkefni stjórnar Sjávarútvegssjóðs eru þessi:

1. Að ráða forstöðumann sjóðsins.
2. Að ákveða starfsskipulag stofnunarinnar að því leyti sem það hefur ekki verið gert í reglugerð.
3. Að ákveða starfsáætlun og rekstraráætlun fyrir sjóðinn til eins árs í senn.
4. Að ákveða hvar handbært fé sjóðsins skuli geymt.
5. Að taka ákvarðanir um lántökur sjóðsins.
6. Að setja reglur um lánakjör sjóðsins.
7. Að taka ákvarðanir um veitingu lána og ábyrgða, svo og um úthlutun á styrkjum úr sjóðnum, sbr. 42. gr.
8. Að ráða löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga sjóðsins ásamt kjörnum endurskoðendum, sbr. 54. gr.

37. gr.

Forstöðumaður Sjávarútvegssjóðs hefur á hendi alla daglega stjórn sjóðsins samkvæmt nánari fyrirmælum sjóðsstjórnar.

Forstöðumaður ræður sjóðnum starfsfólk í samráði við sjóðsstjórn.

38. gr.

Sjávarútvegssjóður veitir lán í samræmi við hlutverk sitt, sbr. 33. gr. laga þessara.

Stjórn sjóðsins ákveður hvort sjóðurinn lánar beint eða fyrir milligöngu viðskiptabanka eða annarra lánastofnana.

39. gr.

Stjórn Sjávarútvegssjóðs ákveður hvaða tryggingar skuli settar fyrir lánnum úr sjóðnum. Metur stjórnin það í hverju tilviki hvort trygging sé fullnægjandi.

Sjóðsstjórn getur sett það sem skilyrði að lánað sé gegn sjálfskuldarábyrgð viðskiptabanka eða annarra lánastofnana.

40. gr.

Stjórn Sjávarútvegssjóðs ákveður lánstíma og önnur lánakjör sjóðsins. Stjórninni er heimilt að ákveða að lánakjör og lánshlutföll séu mismunandi eftir því hvaða tryggingar eru settar fyrir lánnum. Þegar viðskiptabankar eða aðrar lánastofnanir ábyrgjast lán úr sjóðnum getur stjórnin ákveðið að lánakjör séu hagstæðari fyrir lántakendur og lánshlutföll hærri en ella væri.

41. gr.

Sjávarútvegssjóður getur veitt ábyrgðir á lánnum í samræmi við hlutverk sitt, sbr. 33. gr. þessara laga, eftir ákvörðun sjóðsstjórnar hverju sinni.

42. gr.

Innan Sjávarútvegssjóðs skal starfa sérstök deild er hafi það hlutverk að styðja nýsköpun og umbætur í sjávarútvegi eða öðrum atvinnugreinum.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita árlega úr deild þessari lán eða styrki til eftirgreindra verkefna:

1. Hafrannsóknna.
2. Rannsóknna á fiskigöngum og fiskistofnum.
3. Tilrauna til veiða með nýjum aðferðum eða veiðarfærum.
4. Tilrauna við verkun og vinnslu sjávarafurða.
5. Markaðsleitir fyrir sjávarafurðir.
6. Annarra rannsókna og nýjunga í þarfir sjávarútvegsins eða annarra atvinnugreina.



Lán, sem veitt eru samkvæmt þessari grein, getur sjóðsstjórn ákveðið að afskrifa ef verkefni, er lánað hefur verið út á, ber ekki tilætlaðan árangur.

Stjórn sjóðsins er, í samræmi við hlutverk deildarinnar, heimilt að ráðstafa fjármunum hennar til þátttöku í stofnun nýrra fyrirtækja eða til kaupa á eignarhlutum í starfandi fyrirtækjum.

43. gr.

Stjórn Sjávarútvegssjóðs er heimilt að ákveða að sjóðurinn taki þátt í fjárfestingar- og þróunarfélögum, enda samrýmist slík þátttaka hlutverki sjóðsins, sbr. 33. gr. laga þessara.

44. gr.

Sjávarútvegssjóður tekur, við gildistöku laga þessara, við öllum eignum Fiskveiðasjóðs Íslands samkvæmt lögum nr. 44/1976, Fiskimálasjóðs samkvæmt lögum nr. 89/1947 og Styrktar- og lánasjóðs fiskiskipa samkvæmt lögum nr. 9/1944, svo og skuldbindingum þessara sjóða.

45. gr.

Tekjur Sjávarútvegssjóðs eru:

1. Eignir Fiskveiðasjóðs Íslands, Fiskimálasjóðs og Styrktar- og lánasjóðs fiskiskipa.
2. Sá hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum sem rennur til sjóðsins lögum samkvæmt.
3. Önnur framlög.
4. Fjármagnstekjur.

Eignir Fiskimálasjóðs skulu renna í sérstaka deild innan Sjávarútvegssjóðs, sbr. 42. gr. laga þessara. Í deild þessa skulu og renna 5% af tekjum sjóðsins samkvæmt 2. tl. þessarar greinar. Fé þessu og fjármagnstekjum af því skal haldið aðgreindu í bókhaldi og reikningum sjóðsins.

46. gr.

Sjávarútvegssjóður kemur í stað Fiskveiðasjóðs í lögum nr. 4/1976, um Stofnfjár sjóð fiskiskipa, og skal Stofnfjár sjóður starfa sem sérstök deild við Sjávarútvegssjóð.

47. gr.

Stjórn Sjávarútvegssjóðs getur ákveðið að við sjóðinn skuli starfrækt sérstök tryggingar-ardeild útflutningsslána er hafi sama hlutverk og samnefnd deild við Iðnaðarsjóð, sbr. 27. gr. Skulu þá um starfsemi deildarinnar gilda, að breyttu breytanda, ákvæði 28. og 29. gr., þ. á m. ákvæði um greiðsluábyrgð Ríkisábyrgðasjóðs um hámark heildarskuldbindinga deildarinnar og um að iðgjöld og starfsreglur deildarinnar skuli háð samþykki fjármálaráðherra. Sjávarútvegráðherra getur, samkvæmt tillögum stjórnar Sjávarútvegssjóðs, sett nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og framkvæmd laga þessara í reglugerð, þ. á m. sérstök ákvæði um tryggingar fyrir lánum, lánstíma og önnur lánakjör sjóðsins, sbr. 39. og 40. gr.

## V. KAFLI

### Sameiginleg ákvæði.

48. gr.

Stjórn hvers sjóðs er heimilt að semja um það að önnur stofnun annist daglegan rekstur sjóðsins.

49. gr.

Hverjum sjóði er heimilt, innan ramma lánsfjárlaga, að taka lán til starfsemi sinnar innanlands eða erlendis, annaðhvort í eigin nafni eða fyrir milligöngu annarra aðila.

50. gr.

Umsóknir um lán, ábyrgðir eða styrki úr sjóðnum skulu vera skriflegar og fylgi þeim:

1. Ítarleg lýsing á því hvernig verja eigi fénu.
2. Upplýsingar um tryggingar sem umsækjandi getur sett fyrir láni eða ábyrgð.
3. Rekstrar- og efnahagsreikningur umsækjanda ef um starfandi fyrirtæki er að ræða.
4. Aðrar upplýsingar sem máli skipta.

Stjórn hvers sjóðs getur látið gera sérstök umsóknareyðublöð sem umsækjendur skulu útfylla.

51. gr.

Sjóðirnir eru undanþegnir öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs eða sveitarsjóða eða annarra stofnana.

52. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni ef eign er veðsett einhverjum sjóðanna og skal sjóðnum gert aðvart svo tímanlega að hann geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

53. gr.

Stjórnarmenn, forstöðumaður og aðrir starfsmenn sjóðanna eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

54. gr.

Ársfundur hvers sjóðs kýs árlega tvo endurskoðendur til að endurskoða reikninga sjóðsins.

## VI. KAFLI

### Gildistaka o.fl.

55. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1986.

56. gr.

Með lögum þessum er felldur úr gildi I. og XII. kafli og 74. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins og Byggingastofnun landbúnaðarins, ásamt síðari breytingum, lög um Framleiðnisjóð landbúnaðarins, nr. 89/1966, ásamt síðari breytingum, 2. mgr. 6. gr. laga nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda, og 2. tl. 2. gr. laga nr. 34/1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

Búnaðarsjóður kemur í stað Stofnlánadeildar landbúnaðarins í 2. mgr. 12. gr., 1. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 16. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, c-lið 47. gr. og 57. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, sbr. lög nr. 90/1984, um breyting á þeim lögum, og í 1. mgr. 10. gr. jarðræktarlaga, nr. 79/1972, og í stað Framleiðnisjóðs landbúnaðarins í 34. gr., 35. gr. og 37. gr. laga nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Stjórn Búnaðarsjóðs kemur í stað fulltrúa Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins í 2. gr. og 6. gr. laga nr. 12/1984, um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

57. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög um Iðnlánasjóð nr. 68/1967, ásamt síðari breytingum, og lög um tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð, nr. 60/1970. Ríkisábyrgðasjóður tekur við gildistöku laga þessara við eignum tryggingardeildar útflutningslána, svo og skuldbindingum deildarinnar.

Iðnaðarsjóður skal koma í stað Iðnlánasjóðs í lögum nr. 47/1970, um Útflutningslána-sjóð, og einnig að því er varðar tilnefningar í framkvæmdastjórn Iðnþróunarsjóðs, sbr. 4. gr. laga nr. 9/1970.

58. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög um Fiskveiðasjóð Íslands, nr. 44/1974, ásamt síðari breytingum, lög um Fiskimálasjóð, nr. 89/1947, ásamt síðari breytingum, og lög um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa, nr. 9/1944.

59. gr.

3. tl. 4. gr. laga nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, orðist svo:  
3. Til Sjávarútvegssjóðs ..... 18,8%

60. gr.

3. tl. 3. gr. laga nr. 43/1982, um útflutningsgjald af grásleppuafurðum, orðist svo:  
3. Til Sjávarútvegssjóðs ..... 24%

**Ákvæði til bráðabirgða I.**

Er lög þessi hafa verið samþykkt skal skipa fyrstu stjórn hvers sjóðs með þeim hætti er um ræðir í 3., 17. og 34. gr. Skulu stjórnir þessar sitja þar til nýjar stjórnir verða skipaðar að loknum fyrstu ársfundum sjóðanna er haldnir skulu fyrir lok maímánaðar 1987.

**Ákvæði til bráðabirgða II.**

Þeir sem eru í starfi hjá sjóðum atvinnuveganna, er lög þessi taka til, við gildistöku laganna skulu halda öllum starfsréttindum sínum verði þeir ráðnir til starfa hjá hinum nýju atvinnuvegasjóðum.

**Ákvæði til bráðabirgða III.**

Búnaðarsjóður greiðir Lífeyrissjóði bænda til ársloka 1989 fé til lífeyrisgreiðslna samkvæmt 19. gr., sbr. 17. og 18. gr., laga nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. 2. gr. laga nr. 20/1985, um breyting á þeim lögum.

**Ákvæði til bráðabirgða IV.**

Ríkissjóður skal til ársloka 1988 inna af hendi árlegt framlag til hinnar sérstöku deildar innan Iðnaðarsjóðs, sbr. 25. gr., er skal að lágmarki nema sömu fjárhæð og rennur til deildarinnar af því gjaldi sem innheimt er af iðnaðinum í landinu, sbr. 2. mgr. 28. gr. Ákvæði 31. gr. skulu tekin til endurskoðunar fyrir árslok 1988.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í byrjun september 1984 gerðu stjórnarflokkarnir með sér samkomulag um aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum. Í samkomulaginu sagði m.a. í kafla um nýsköpun í atvinnulífi og uppstokkun sjóðakerfis:

„Fjárfestingarlánasjóðum atvinnuveganna, sem starfa samkvæmt sérstökum lögum, verði fækkað í þrjá: Búnaðarsjóð, Sjávarútvegssjóð og Iðnaðarsjóð. Sjóðir þessir sinni hlutverki sínu fyrst og fremst með lánveitingum í gegnum hið almenna bankakerfi.“

Frumvarp þetta er að stofni til samið af nefnd sem skipuð var 24. október 1984 til þess að hafa yfirumsjón með undirbúningi tillagna og gerð nauðsynlegra lagafrumvarpa um nýsköpun í atvinnulífi og uppstokkun sjóðakerfis. Í nefndinni áttu sæti: Guðmundur G. Þórarinnsson verkfræðingur, formaður, Friðrik Sophusson alþingismaður, Stefán Guðmundsson alþingismaður og Valur Valsson bankastjóri. Með nefndinni hafa starfað þeir Baldur Guðlaugsson hrl., Eiríkur Tómasson hrl. og Gunnlaugur Sigmundsson deildarstjóri og síðar forstjóri, en hann var ritari nefndarinnar.

Frumvarp um sjóði atvinnuveganna var lagt fram í efri deild á s.l. vori en varð þá ekki útrætt. Nefndin hefur síðan endurskoðað frumvarpið með hliðsjón af athugasemdum og tillögum til breytinga sem fyrir lágu í fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar.

Samkvæmt frumvarpinu leysir Búnaðarsjóður af hólmi Stofnlánadeild landbúnaðarins og Framleiðnisjóð landbúnaðarins, auk þess sem Byggingastofnun landbúnaðarins er lögð niður. Iðnaðarsjóður yfirtekur Iðnlánasjóð og Sjávarútvegssjóður kemur í stað Fiskveiðasjóðs Íslands, Fiskimálasjóðs og Styrktar- og lánasjóðs fiskiskipa.

Við frumvarpsgerðina var leitast við að samræma löggjöf um sjóðina þrjá eftir því sem unnt reyndist. Skal nú gerð stuttlega grein fyrir helstu atriðum sem eru sameiginleg fyrir sjóðina þrjá samkvæmt frumvarpinu:

1. Sjóðirnir verða sjálfstæðar stofnanir. Lögbundin framlög úr ríkissjóði eru afnumin, en ákvæði núgildandi laga um tekjuöflun sjóðanna í formi gjalda á viðkomandi atvinnugreinar haldast svo til óbreytt. Við gerð frumvarps þessa var valinn sá kostur að samræma ákvæði um réttarstöðu sjóðanna. Með orðalaginu „sjálfstæðar stofnanir“ í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er lögð áhersla á sjálfstæði hvers sjóðs um sig. Ekki er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að sjálfskuldarábyrgð hvíli framvegis á ríkissjóði vegna skuldbindinga atvinnuvegasjóðanna þriggja, heldur yrði að leita eftir slíkri ábyrgð í hverju einstöku tilviki. Svo sem fram kemur í athugasemdum með 49. gr. frumvarpsins helst þó ríkisábyrgð á eldri skuldbindingum sjóðanna í samræmi við núgildandi lög. Tekið skal fram að með frumvarpinu er ekki gerð breyting á núverandi eignaraðild að sjóðunum.
2. Sjóðirnir öðlast fullt sjálfstæði til að ákveða til hvaða atvinnugreina og viðfangsefna þeir lána, hverra trygginga skuli krafist og hver vera skuli lánshlutföll, vaxtakjör og önnur lánakjör. Lög munu þannig ekki vera lengur því til fyrirstöðu að sjóðirnir láni til „heimilislausra“ atvinnugreina eða atvinnufyrirtækja hvers annars, en ákvarðanir um slíkt verða í höndum viðkomandi sjóðsstjórnar og þar með í reynd í höndum viðkomandi atvinnugreinar.
3. Stjórn hvers sjóðs ákveður hvort sjóðurinn skuli lána beint eða fyrir milligöngu viðskiptabanka eða annarra lánastofnana. Í þessu felst að sjóðirnir geta valið á milli mismunandi leiða:
  - a) Þeir geta lánað beint og annast afgreiðslu lánanna sjálfir.
  - b) Þeir geta ákveðið að lánsumsóknir þurfi að fara í gegnum viðskiptabanka umsækjenda sem láti þá í té umsögn, auk þess sem sjóðirnir gætu ákveðið að setja það sem skilyrði fyrir lánveitingu að viðskiptabanki eða önnur lánastofnun ábyrgist lánið.

- c) Peir geta endurkeypt skuldabréf af viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum.
- d) Peir geta lánað viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum beint, enda hyggist viðkomandi stofnanir endurlána féð til viðfangsefna sem samrýmast hlutverki viðkomandi sjóðs.

Hver sjóður gæti hvort heldur er valið eina af ofangreindum leiðum eða blöndu af þeim, og gæti því hugsast að sjóðirnir störfuðu að þessu leyti hver með sínum hætti.

4. Stjórnnum sjóðanna er heimilt að ákveða að lánakjör og lánshlutföll verði mismunandi eftir því hvaða tryggingar eru settar fyrir lánum. Með þessu móti er sjóðunum gert kleift að aðlaga lánshlutföll, vaxta- og önnur lánakjör þeim tryggingum sem settar eru og þar með þeirri áhættu sem tekin er í hverju tilfalli. Jafnframt er tekið sérstaklega fram í frumvörpunum að þegar viðskiptabankar eða aðrar lánastofnanir ábyrgjast lán megi hafa lánakjör hagstæðari lántakendum og lánshlutföll hærri en ella væri. Slíkt fyrirkomulag gæti stuðlað að því að lánveitingar sjóðanna færu fram í gegnum bankakerfið.
5. Felld eru úr lögum ákvæði um að tiltekinn viðskiptabanki skuli hafa á hendi daglegan rekstur eða stjórn hvers sjóðs. Hins vegar er stjórnnum sjóðanna veitt heimild til þess að semja um það að önnur stofnun annist daglegan rekstur.
6. Starfsemi sjóðanna verður fyrst og fremst í því fölginn að sjóðirnir veiti lán eða ábyrgðir. En jafnframt er lagt til að innan hvers sjóðs starfi sérstök deild er hafi það hlutverk að styðja nýsköpun og umbætur í viðkomandi eða öðrum atvinnugreinum og er sjóðsstjórn bæði heimilt að veita lán og styrki úr þessari deild. Heimilt er að afskrifa slík lán ef verkefni, sem lánað hefur verið út á, ber ekki tilætlaðan árangur. Þá er og heimilt að ráðstafa fjármunum hinna sérstöku deilda til þátttöku í stofnun nýrra fyrirtækja eða til kaupa á eignarhlutum í starfandi fyrirtækjum.  
Hin sérstaka deild innan Sjávarútvegssjóðs tekur við eignum og tekjum Fiskimálasjóðs, hin sérstaka deild innan Búnaðarsjóðs við eignum og tekjum Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og hin sérstaka deild innan Iðnaðarsjóðs við eignum og tekjum vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs. Ber að halda fé og fjármagnstekjum hinna sérstöku deilda aðgreindum í bókhaldi og reikningum sjóðanna.
7. Stjórnnum sjóðanna er heimilt að ákveða að þeir taki þátt í fjárfestingar- og þróunarfélögum að því marki sem slík þátttaka samrýmist hlutverki sjóðanna.
8. Teknar eru upp heimildir fyrir sjóðina til að taka lán erlendis í eigin nafni innan ramma lánsfjárlaga.
9. Felld eru brott ákvæði um það hvenær heimilt sé að telja lán eða eftirstöðvar lána úr sjóðnum fallin í gjalddaga án uppsagnar og um heimild sjóðanna til að láta selja veð við opinber uppboð án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms, enda slík lagaákvæði óþörf þar sem sjóðirnir geta áskilið sér þann rétt í skuldabréfum þeim sem lántakendur gefa út til viðurkenningar skuld sinni. Sama máli gegnir um lagaákvæði varðandi heimildir sjóðanna til að gengistryggja endurlán erlends lánsfjár. Slík ákvæði í einstökum lögum eru nú óþörf vegna almennra heimilda í lögum nr. 13/1979.
10. Æðsta vald í málefnum hvers sjóðs verður í höndum fimm manna stjórnar sem skipuð verður af ráðherra til eins árs í senn. Skulu fjórir þeirra skipaðir samkvæmt tilnefningum, en einn skipar ráðherra án tilnefningar. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna.  
Fyrir lok maímánaðar ár hvert skal haldinn sérstakur ársfundur viðkomandi sjóðs. Rétt til setu þar með tillögurétti og atkvæðisrétti eiga samtals 20 fulltrúar, tilnefndir af sömu aðilum og tilnefna stjórnarmenn. Stjórn hvers sjóðs getur auk þess boðið að sitja ársfund sjóðsins öðrum þeim sem hún telur ástæðu til að sitji fundinn.

Hlutverk ársfundar er að ræða og afgreiða ársskýrslu og reikninga viðkomandi sjóðs, en stjórnin skal leggja hvort tveggja fyrir fundinn. Einnig kýs ársfundur endurskoðendur sjóðsins og ákveður þóknun stjórnarmanna. Loks er tekið fram í frumvarpinu að ársfundur geti gert tillögur til stjórnar sjóðsins um stefnumarkandi atriði er varða skipulag og starfsemi sjóðsins. Ákvörðunarvaldið er þó eftir sem áður hjá stjórninni.

11. Við Iðnaðarsjóð skal starfrækt sérstök tryggingardeild útflutningslána. Stjórnir Búnaðarsjóðs og Sjávarútvegssjóðs geta ákveðið að við þá sjóði skuli einnig starfræktar slíkar deildir og skulu þá gilda um þær sömu lagaákvæði.

#### *Um Búnaðarsjóð.*

Samkvæmt frumvarpi þessu tekur Búnaðarsjóður við öllum eignum Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Byggingastofnunar landbúnaðarins og Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, svo og skuldbindingum þessara sjóða. Skal sjóðnum nú lýst stuttlega.

#### **Stofnlánadeild landbúnaðarins.**

Um Stofnlánadeild landbúnaðarins gilda lög nr. 45 frá 16. apríl 1971 ásamt síðari breytingum. Hún er deild í Búnaðarbanka Íslands og heyrir undir landbúnaðarráðherra. Bankaráð Búnaðarbankans er jafnframt stjórn deildarinnar, en þegar bankaráðið fjallar um málefni deildarinnar taka þar sæti til viðbótar bankaráðsmönnum tveir fulltrúar. Er annar tilnefndur af Stéttarsambandi bænda en hinn af Búnaðarfélagi Íslands, báðir til fjögurra ára. Hlutverk Stofnlánadeildar er að auka framleiðslu og framleiðni í íslenskum landbúnaði og treysta byggð í sveitum landsins með lánveitingum:

1. Til jarðakaupa.
2. Til ræktunar, útihúsa, vatnsveitna og varmaveitna og annarra mannvirkja er varða landbúnað, þar með talin ylækt, loðdyrarækt, lax- og silungseldi.
3. Til vinnslustöðva landbúnaðarins.
4. Til heykögglaverksmiðja, heypurrkunarstöðva, til viðgerðarverkstæða fyrir landbúnaðarvélar og annarra verkstæða er veita þjónustu fyrir viðkomandi sveitir, til bústofnskaupa, búvéla og þungavinnsluvéla búnaðar- og ræktunarsambanda.

Tekjur Stofnlánadeildar eru:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs.
2. Gjald á söluvöru og þjónustu landbúnaðarins, þ.e. ½% á söluvörur í alifugla- og svínarækt, fiskeldi, fiskirækt, land- og veiðileigu, en 1% á annað sem gjaldskylt er.
3. Gjald á óniðurgreitt heildsöluverð landbúnaðarvara er nemur 1%.
4. Jöfnunargjald, 1%, er reiknað skal á sama hátt og segir í 3.
5. Árlegt framlag ríkissjóðs er nemi jafnhárrí fjárhæð og nemur samanlögðum tekjum skv. 2 og 3.
6. Vaxtatekjur.

Búnaðarbanka Íslands er heimilt að fengnu leyfi ríkisstjórnarinnar að taka lán vegna Stofnlánadeildar landbúnaðarins í samræmi við ákvörðun Alþingis í framkvæmdaáætlun hverju sinni.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Stofnlánadeildar landbúnaðarins og greiðir þær ef eignir og tekjur hennar hrökkva ekki til.

Á Stofnlánadeildina er lögð ákveðin framlags- og greiðsluskylda til Lífeyrissjóðs bænda.

Starfsmenn Stofnlánadeildar eru 10.

Eftirfarandi upplýsingar gefa nokkra hugmynd um stærð og veltu deildarinnar 1984:

Niðurstöðutölur rekstrarreiknings 1984 . . . . .	412,9 milljónir króna
Niðurstöðutölur efnahagsreiknings 31.12.1984 . .	1 694,8 milljónir króna
Eigið fé 31.12.1984 . . . . .	269,1 milljón króna
Skuldabréfaeign 31.12.1984 . . . . .	1 319,0 milljónir króna
Lán og styrkir 1984 . . . . .	248,0 milljónir króna
Rekstrarkostnaður 1984 . . . . .	23,0 milljónir króna

#### Framleiðnisjóður landbúnaðarins.

Um hann gilda lög nr. 89 frá 17. desember 1966, með síðari breytingum. Sjóðurinn heyrir undir landbúnaðarráðherra sem skipar honum fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn. Búnaðarfélag Íslands, Stéttarsamband bænda, stjórn Búnaðarbanka Íslands og stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins tilnefna hver einn mann í stjórn sjóðsins, en ráðherra skipar formann án tilnefningar. Búnaðarbanki Íslands hefur umsjón með Framleiðnisjóði og sér um bókhald hans og rekstur eftir nánara samkomulagi við stjórn sjóðsins. Hlutverk sjóðsins er að veita styrki og lán til framleiðniaukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum. Má jöfnum höndum styrkja rannsóknir og framkvæmdir er miða að lækkun framleiðslu- og dreifingarkostnaðar, svo og framkvæmdir, er stefna að því að samræma landbúnaðarframleiðsluna þörfum þjóðfélagsins miðað við markaðsaðstæður innan lands og utan á hverjum tíma. Lán og styrki úr sjóðnum má m.a. veita til einstakra bænda, vinnslustöðva, ræktunarsambanda og vísindastofnana.

Í lögum um sjóðinn eru ákvæði um stofnfé hans og greiðslu framlaga til hans úr ríkissjóði á árunum 1972–1976 en engin ákvæði um tekjur.

Eftirfarandi upplýsingar gefa nokkra hugmynd um stærð og veltu sjóðsins 1984:

Skuldabréfaeign 31.12.1984 . . . . .	3,0 milljónir króna
Lán og styrkir 1984 . . . . .	33,0 milljónir króna
Rekstrarkostnaður 1984 . . . . .	0,3 milljónir króna

#### Um Iðnaðarsjóð.

Samkvæmt frumvarpi þessu tekur Iðnaðarsjóður við öllum eignum Iðnlánasjóðs, svo og skuldbindingum sjóðsins.

Um Iðnlánasjóð gilda lög nr. 68 frá 1967, með síðari breytingum. Sjóðurinn er sjálfstæð stofnun er lýtur yfirumsjón ráðherra þess sem fer með iðnaðarmál. Ráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmanna er skipaður án tilnefningar, en stjórn Landssambands iðnaðarmanna og stjórn Félags íslenskra iðnrekenda tilnefna hvor sinn manninn. Daglegan rekstur Iðnlánasjóðs hefur Iðnaðarbanki Íslands á hendi samkvæmt sérstökum samningi. Tilgangur Iðnlánasjóðs er að styðja iðnað Íslendinga með hagkvæmum stofnlánum. Sjóðurinn veitir stofnlán sem hér segir:

1. Til véla- og tækjakaupa fyrir iðnaðinn.
2. Til byggingar verksmiðju- og iðnaðarhúsa.
3. Til endurskipulagningar iðnfyrirtækja.
4. Til hagræðingar í iðnrekstri.
5. Til framkvæmda er auka hollustu og öryggi og bæta starfsumhverfi á vinnustöðum.
6. Til tölvukaupa.
7. Þegar sérstakar ástæður mæla með má lána iðnfyrirtækjum til fasteignakaupa.

Tekjur Iðnlánasjóðs eru:

1. Gjald 0,25% er innheimtist af iðnaðinum í landinu.
2. Framlag ríkissjóðs, 0,5 m.kr. ár hvert.
3. Vextir.

Sjóðnum er heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að taka lán í innlendri eða erlendri mynt. Í lögnum segir að stofna skuli í Iðnlánasjóði lánadeild iðngarða er veiti stofnlán til sveitarfélaga, félagssamtaka og einstaklinga sem reisa iðnaðarmannvirki í því skyni að efla íslenskan iðnað eða skapa með öðrum hætti starfsaðstöðu til handa iðnfyrirtækjum. Tekjur lánadeildarinnar eru:

1. Framlög er veitt kunna að vera úr ríkissjóði eða á annan hátt.
2. Árin 1980–83 skyldu renna allt að 2,5 milljónir króna á ári af umráðafé Iðnlánasjóðs til deildarinnar.
3. Andvirði sérstakra lána sem stjórn Iðnlánasjóðs, að fengnu samþykki iðnaðarráðherra, aflar til deildarinnar.
4. Vextir og vísitöluálög.

Með lögum nr. 55/1984 var Iðnrekstrarsjóður lagður niður en jafnframt stofnuð við Iðnlánasjóð vöruþróunar- og markaðsdeild. Hlutverk hennar er að stuðla að vöruþróun og aukinni samkeppnishæfni iðnaðarins, að örva nýsköpun og auka útflutning iðnaðarværa með:

1. Lánnum til vöruþróunar, hönnunar og annarrar nýsköpunar.
2. Lánnum til útflutnings- og markaðsstarfsemi.
3. Framlagi til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins.
4. Framlögum til nýrra útflutningsverkefna og þróunarverkefna.
5. Kaupum og sölu hlutabréfa í starfandi fyrirtækjum og þátttöku í stofnun nýrra fyrirtækja.

Ráðstöfunarfé deildarinnar er:

1. Eigið fé Iðnrekstrarsjóðs við gildistöku laga nr. 55/1984.
2.  $\frac{4}{7}$  hlutar af því gjaldi sem innheimt er af iðnaðinum í landinu.
3. Framlag ríkissjóðs er skal að lágmarki vera jafnhátt gjald skv. 2.
4.  $\frac{2}{7}$  af gjaldi því sem innheimt er af iðnaðinum í landinu og skal þeim hlut ráðstafað beint til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins.
5. Afborganir, verðbætur og vextir af lánnum deildarinnar.
6. Aðrar tekjur.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Iðnlánasjóðs og greiðir þær ef eignir og tekjur sjóðsins hrökkva ekki til.

Starfsmenn sjóðsins eru 2,5 menn fastir.

Eftirfarandi upplýsingar gefa nokkra hugmynd um stærð og veltu Iðnlánasjóðs 1984:

Niðurstöðutölur rekstrarreiknings 1984 . . . . .	423,9 milljónir króna
Niðurstöðutölur efnahagsreiknings 31.12.1984 . .	1 759,9 milljónir króna
Eigið fé 31.12.1984 . . . . .	409,9 milljónir króna
Skuldabréfaeign 31.12.84 . . . . .	1 615,0 milljónir króna
Lán og styrkir 1984 . . . . .	305,0 milljónir króna
Rekstrarkostnaður 1984 . . . . .	9,7 milljónir króna

#### *Um tryggingardeild útflutningslána.*

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að stofnuð verði sérstök deild innan Iðnaðarsjóðs er nefnist tryggingardeild útflutningslána. Hlutverk þessarar nýju deildar yrði einkum tvíþætt: Annars vegar að tryggja lán er lánastofnanir veittu útflytjendum á vöru eða þjónustu til þess að þessir aðilar gætu fjármagnað útflutningslán til handa erlendum kaupendum og hins vegar að tryggja kröfur útflytjenda á hendur erlendum kaupendum.

Samkvæmt lögum nr. 60/1970 er tryggingardeild útflutningslána nú starfrækt við Ríkisábyrgðasjóð. Deild þessi var sett á stofn árið 1970 í sambandi við inngöngu Íslands í EFTA og var henni, ásamt Útflutningslána sjóði, fyrst og fremst ætlað það hlutverk að vera



iðnaðinum til stuðnings í væntanlegum útflutningi og samkeppni við innflutning. Skemmst er frá að segja að tryggingardeild útflutningslána hefur ekki reynst sem skyldi í núverandi mynd. Eru eflaust ýmsar ástæður þess valdandi þótt þörfin fyrir útflutningslánatryggingar sé ekki síður brýn nú en fyrir fimmtán árum. Þörfin er eflaust hvað brýnust á sviði iðnaðar þótt mikilvægt sé fyrir aðrar útflutningsgreinar að hafa aðgang að slíkum tryggingum. Af þessum sökum er lagt til að sérstök tryggingardeild útflutningslána skuli starfrækt við Iðnaðarsjóð, þó þannig að þjónusta deildarinnar standi öðrum atvinnugreinum til boða. Jafnframt er tekið fram í þeim köflum frumvarpsins er fjalla um Búnaðarsjóð og Sjávarútvegssjóð að stjórnir þeirra sjóða geti ákveðið að við þá skuli einnig starfræktar tryggingardeildir útflutningslána. Nánar verður gerð grein fyrir tillögum um skipulag og starfsemi tryggingardeildarinnar í athugasemdum með einstökum greinum þessa frumvarps.

#### *Um Sjávarútvegssjóð.*

Samkvæmt frumvarpi þessu tekur Sjávarútvegssjóður við öllum eignum Fiskveiðasjóðs Íslands, Fiskimálasjóðs og Styrktar- og lánasjóðs fiskiskipa, svo og skuldbindingum þessara sjóða. Skal sjóðum þessum nú lýst stuttlega.

#### **Fiskveiðasjóður Íslands.**

Um sjóðinn gilda lög nr. 44/1976 með síðari breytingum. Sjóðurinn er sjálfstæð stofnun í eign ríkisins. Útvegsbankanum er ætlað að veita sjóðnum nauðsynlega fyrirgreiðslu og starfsaðstöðu. Sjóðurinn heyrir undir sjávarútvegráðherra en lýtur sérstakri stjórn sjóðmanna sem ráðherra skipar til tveggja ára í senn. Einn stjórnarmanna er skipaður án tilnefningar en sex eru skipaðir samkvæmt tilnefningu. Seðlabanki, Landsbanki, Útvegsbanki og LÍÚ tilnefna hver einn mann. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sjávarafurðadeild SÍS og Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda tilnefna einn mann sameiginlega og Sjómannasamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands tilnefna sameiginlega einn mann í stjórn sjóðsins. Hlutverk Fiskveiðasjóðs er að efla framleiðslu og framleiðni í fiskveiðum, fiskiðnaði og skyldri starfsemi með því að veita stofnlán með veði í fiskiskipum, nýsmíðum og eldri, vinnlustöðvum, vélum og mannvirkjum, sem að dómi sjóðsstjórnar eru í þágu sjávarútvegsins, þ. á m. skipasmíðastöðvum, dráttarbrautum, viðgerðarverkstæðum, veiðarfæragerðum og verbúðum.

Auk stofnfjár er fjáröflun til Fiskveiðasjóðs sem hér segir:

1. Vextir af lánum og öðrum kröfum.
2. Útflutningsgjöld af sjávarafurðum sem renna til sjóðsins lögum samkvæmt.
3. Til viðbótar tekjum sjóðsins skv. 2 greiðir ríkissjóður honum árlega fjárhæð er nemur  $\frac{3}{4}$  af tekjum skv. 2.
4. Til viðbótar tekjum sjóðsins skv. 2 og 3 greiðir ríkissjóður honum árlega 0,35 m. kr.
5. Lántökur innanlands og erlendis.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Fiskveiðasjóðs gagnvart innlendum aðilum. Starfsmenn sjóðsins eru 20.

Eftirfarandi upplýsingar gefa nokkra hugmynd um stærð og veltu sjóðsins <sup>1984</sup>:

Niðurstöðutölur rekstrarreiknings 1984 . . .	605,3 milljónir króna
Niðurstöðutölur efnahagsreikn. 31.12.1984	8 386,9 milljónir króna
Eigið fé 31.12.1984 . . . . .	1 604,5 milljónir króna
Skuldabréfaeign 31.12.1984 . . . . .	7 893,9 milljónir króna
Lán og styrkir 1984 . . . . .	1 239,0 milljónir króna
Rekstrarkostnaður 1984 . . . . .	21,0 milljón króna

### Fiskimálasjóður.

Um Fiskimálasjóð gilda lög nr. 89 frá 5. júní 1947 með síðari breytingum. Sjóðurinn heyrir undir sjávarútvegsráðherra. Sameinað þing kys honum fimm manna stjórn til þriggja ára í senn. Fé Fiskimálasjóðs skal verja til sjávarútvegs á eftirfarandi hátt:

1. Sjóðurinn veitir styrki til:
  - a. Hafrannsóknna.
  - b. Rannsóknna á fiskigöngum og fiskistofnum.
  - c. Tilrauna til veiða með nýjum aðferðum eða nýjum veiðarfærum.
  - d. Tilrauna við verkun og vinnslu sjávarafurða.
  - e. Markaðsleitir fyrir sjávarafurðir.
  - f. Annarra rannsókna og nýjunga í þarfir sjávarútvegsins.
2. Sjóðurinn má veita viðbótarlán gegn síðari veðrétti til stofnunar alls konar fyrirtækja er horfa til eflingar fiskveiða og hagnýtingar sjávarafla. Þessi lán skulu einkum veitt til staða þar sem er tilfinnanleg vöntun slíkra fyrirtækja en lítið fjármagn fyrir hendi.

Tekjur Fiskimálasjóðs eru auk eigna Fiskimálasjóðs sem starfaði samkvæmt lögum nr. 75 31. desember 1937:

1. Vextir og aðrar tekjur af eignum sjóðsins.
2. Tekjur af útflutningsgjaldi samkvæmt lögum.

Stjórn Fiskimálasjóðs er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka lán til starfsemi sjóðsins. Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán þetta fyrir hönd ríkissjóðs.

Starfsmenn sjóðsins eru tveir.

Eftirfarandi upplýsingar gefa nokkra hugmynd um stærð og veltu sjóðsins 1984:

Niðurstöðutölur rekstrarreiknings 1984 .....	9,2 milljónir króna
Niðurstöðutölur efnahagsreikn. 31.12.1984 .....	24,9 milljónir króna
Eigið fé 31.12.1984 .....	14,9 milljónir króna
Skuldabréfaeign 31.12.1984 .....	5,1 milljón króna
Lán og styrkir 1984 .....	6,6 milljónir króna
Rekstrarkostnaður 1984 .....	1,5 milljónir króna

### Styrktar- og lánasjóður fiskiskipa.

Á fjárlögum fyrir árið 1944, 22. gr. XX. lið, var ríkisstjórninni heimilað að verja úr framkvæmdasjóði ríkisins 5 milljónum króna til byggingar fiskiskipa samkvæmt reglum sem Alþingi samþykkir. Millipinganefnd í sjávarútvegsmálum hafði mál þetta til athugunar. Hún gat ekki komið sér saman um hvernig fénu skyldi varið, en að lokum flutti meiri hluti nefndarinnar frumvarp til laga um að stofnaður yrði sérstakur styrktar- og lánasjóður fiskiskipa og varð frumvarpið að lögum nr. 9/1944, um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa.

Lög nr. 9/1944 eru enn í gildi og gengur sjóðurinn undir nafninu „Styrktar- og lánasjóður fiskiskipa“ og er í vörslu sjávarútvegsráðherra. Sjóðnum var í upphafi ætlað mikið hlutverk og skyldi verja fé úr sjóðnum til umsækjenda er smíða vildu fiskiskip og var annaðhvort um að ræða beina styrki eða vaxtalaus lán, sbr. 1. gr. laganna. Við ákvörðun um styrk- eða lánveitingu átti skv. 4. gr. að taka tillit til efnahags umsækjanda og skv. 2. gr. laganna gat enginn fengið úthlutun úr sjóðnum nema skipin væru smíðuð samkvæmt teikningu er atvinnumálaráðuneytið hafði samþykkt. Sama gilti um vél skipsins. Smíði skipanna skyldi fara fram undir eftirliti skipaskoðunarmanna er atvinnumálaráðuneytið tilnefndi hverju sinni.

Samkvæmt lögnum skyldi atvinnuáráðherra skipa fimm manna nefnd er veitti lán eða styrki úr sjóðnum, að fengnum tillögum stjórnar Fiskifélags Íslands. Skyldu fjórir nefndarmanna skipaðir samkvæmt tilnefningu þingflokka, einn af hverjum flokki, en formaður skipaður án tilnefningar (3. gr.).

Sjóður þessi hefur ekki staðið undir sér, enda fyrirkomulag hans gallað því gengið hefur á höfuðstól hans með tímanum þó í upphafi hafi honum verið fengið umtalsvert fé. Atvinnuáráðherra, síðar sjávarútvegsráðherra, hefur haft umráð sjóðsins og veitt úr honum frekar lág lán með lágum vöxtum til að hjálpa mönnum í sjávarútvegi til að komast yfir óvænta og tímabundna erfiðleika í rekstri.

Fiskveiðisjóður Íslands sér um útgáfu skuldabréfa fyrir lánnum, tekur við greiðslu afborgana og annast reikningshald fyrir sjóðinn, sbr. 9. gr.

Eftirfarandi upplýsingar gefa nokkra hugmynd um stærð og veltu sjóðsins 1984:

Niðurstöðutölur rekstrarreiknings 1984 . . . . .	0,7 milljónir króna
Niðurstöðutölur efnahagsreikn. 31.12.1984 . . .	5,6 milljónir króna
Eigið fé 31.12.1984 . . . . .	5,6 milljónir króna
Skuldabréfaeign 31.12. 1984 . . . . .	4,5 milljónir króna
Lán og styrkir 1984 . . . . .	3,2 milljónir króna

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að sömu lög taki til þriggja stærstu atvinnuvegasjóða landsins. Með því móti er lögð áhersla á að skipulag og starfsemi sjóðanna sé samræmd þótt einstök atriði séu frábrugðin frá einum sjóði til annars, sbr. nánar II.–IV. kafla frumvarpsins.

Í 2. mgr. segir að sjóðirnir séu sjálfstæðar stofnanir. Æðsta vald í málefnum sjóðanna verður hjá stjórnnum þeirra þótt þær séu að sjálfstöðu bundnar af þeim ramma sem skipulagi og starfsemi sjóðanna er sett með lögum þessum.

Um 2. gr.

Hér er hlutverk Búnaðarsjóðs skilgreint. Þessi kafli geymir síðan nánari ákvæði um það hvernig sjóðurinn skuli gegna hlutverki sínu.

Hlutverk Búnaðarsjóðs er að efla framleiðslu og framleiðni í landbúnaði eða öðrum atvinnugreinum. Með niðurlagsorðunum eru tekin af öll tvímæli um það að þótt sjóðurinn hafi skyldum að gegna við landbúnaðinn er honum heimilt að leggja öðrum atvinnugreinum lið.

Um 3. gr.

Lagt er til að yfir Búnaðarsjóði verði fimm manna stjórn sem skipuð verði til eins árs í senn. Stjórnir þeirra sjóða, sem hinir nýju atvinnuvegasjóðir leysa af hólmi, eru misjafnlega fjölmennar og skipaðar eða kjörnar til misjafnlega langs tíma. Lagt er til að samræmdri skipan verði komið á að þessu leyti hjá öllum sjóðunum þremur.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að árlega verði haldinn sérstakur ársfundur Búnaðarsjóðs þar sem stjórn sjóðsins leggi ársskýrslu sjóðsins og reikninga fram til umræðu og afgreiðslu. Auk þess er ársfundi fengið það hlutverk að kjósa endurskoðendur sjóðsins og ákveða þóknun stjórnarmanna. Ársfundur gegnir því ákveðnu lögbundnu eftirlitshlutverki.

Innan Búnaðarsjóðs skal starfa sérstök nýsköpunar- og umbótadeild, sbr. 11. gr. Lagt er til að ársfundur geti ákveðið að hluti ráðstöfunarfjár sjóðsins skuli renna í þessa deild.

Loks segir að ársfundur geti gert tillögur til stjórnar sjóðsins um stefnumarkandi atriði er varða skipulag og starfsemi sjóðsins. Stjórnin er þó ekki bundin af slíkum samþykktum ársfundar þar sem hún fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins.

Lagt er til að atkvæðisbærir ársfundarfulltrúar verði samtals 20 talsins, tilnefndir af sömu aðilum og tilnefna menn í stjórn sjóðsins. Jafnframt er tekið fram að stjórn sjóðsins geti boðið að sitja ársfund öðrum þeim sem hún telur ástæðu til að sitji fundinn.

Um 5. gr.

Hér eru tilgreind helstu verkefni stjórnar Búnaðarsjóðs. Þótt ákvarðanatöku um veitingu lána og ábyrgða og úthlutun styrkja úr sjóðnum sé falin stjórn sjóðsins getur stjórnin engu að síður veitt forstöðumanni sjóðsins heimild til að annast slíkt innan þeirra marka sem stjórnin sjálf ákveður.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Búnaðarsjóður sinnir hlutverki sínu m.a. með lánveitingum. Ekki þykir ástæða til að reyna að telja upp í lögnum eða afmarka þau viðfangsefni sem sjóðurinn eigi eða megi lána til. Sjóðsstjórn metur sjálf hvaða lánveitingar séu til þess fallnar að efla framleiðslu og framleiðni og styðja umbætur. Stjórn sjóðsins ákveður með sama hætti hvort móttaka lánsúmsókna og mat og afgreiðsla á þeim fari alfarið fram hjá sjóðnum sjálfum eða hvort áskilja skuli milligöngu og jafnvel ábyrgð viðskiptabanka eða annarra lánastofnana.

Um 8. gr.

Samkvæmt þessari grein verður það á valdi sjóðsstjórnar að ákveða og meta hvaða tryggingar teljist fullnægjandi fyrir lánunum úr sjóðnum. Þykir ekki rétt að binda í lögum hvers konar tryggingar skuli vera skilyrði lána. Stjórnin getur hins vegar sjálf sett hér vinnu- og viðmiðunarreglur um þessi efni ef hún telur ástæðu til. Samkvæmt tillögum stjórnarinnar getur ráðherra enn fremur sett sérstök ákvæði hér að lútandi í reglugerð, sbr. 15. gr.

Um 9. gr.

Samkvæmt þessari grein er sjóðsstjórn veitt heimild til að láta lánshlutföll og lánakjör, svo sem lánstíma og vexti, vera mismunandi eftir því hvaða tryggingar eru settar fyrir lánunum. Mat stjórnarinnar á þeirri áhættu fyrir sjóðinn, sem lánveitingu sé samfara, kann m.ö.o. að hafa áhrif á lánsfjárhæðir, lánstíma og útlánsvexti, bæði til hækkunar og lækkunar. Ráðherra getur þó, samkvæmt tillögum sjóðsstjórnar, sett sérstök ákvæði um lánstíma og önnur lánakjör sjóðsins, sbr. 15. gr.

Um 10. gr.

Hér segir að Búnaðarsjóði sé heimilt að veita ábyrgðir á lánunum í samræmi við hlutverk sitt. Þá er átt við að sjóðurinn ábyrgist gagnvart tilteknum aðila lán sem sá aðili veitir þriðja aðila. Sjóðsstjórn metur hvern baktrygginga hún krefst hjá þeim sem hún gengst í ábyrgðir fyrir.

Um 11. gr.

Samkvæmt þessari grein skal starfa sérstök deild við sjóðinn er hafi það hlutverk að styðja nýsköpun og umbætur í landbúnaði eða öðrum atvinnugreinum. Gert er ráð fyrir að eignir Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og tekjur renni í þessa deild, sbr. 3. mgr. 14. gr. Ber að halda fé þessu og fjármagnstekjum af því aðgreindu í bókhaldi og reikningum sjóðsins.

Stjórn sjóðsins getur veitt lán og styrki úr deild þessari til tilgreindra verkefna. Þá segir að heimilt sé að afskrifa lán sem veitt eru samkvæmt þessari grein ef verkefni, sem lánað hefur verið út á, ber ekki tilætlaðan árangur. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að ráðstafa fjármunum deildarinnar til þátttöku í stofnun nýrra fyrirtækja eða til kaupa á eignarhlutum í starfandi fyrirtækjum. Notkun þessarar heimildar verður að vera í samræmi við hlutverk deildarinnar sem er að styðja nýsköpun og umbætur. Þegar eignarhlutar í fyrirtækjum, sem sjóðurinn hefur eignast á grundvelli þessarar lagagreinar, eru seldir rennur söluandvirðið til deildarinnar.

#### Um 12. gr.

Með fjárfestingar- og þróunarfélögum er hér átt við félög sem sjálf fjárfesta síðan eða taka þátt í öðrum fyrirtækjum sem mynduð eru um einstök viðfangsefni eða tiltekinn atvinnurekstur.

#### Um 13. gr.

Búnaðarsjóður tekur m.a. við skuldbindingum Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Byggingastofnunar landbúnaðarins og Framleiðnisjóðs landbúnaðarins gagnvart starfsfólki. Í því felst ekki að starfsfólk þessara sjóða og stofnana verði samkvæmt lögum þessum sjálfkrafa starfsfólk Búnaðarsjóðs. Stjórn sjóðsins fær það hlutverk að ráða honum forstöðumann og hann ræður sjóðnum síðan annað starfsfólk í samráði við sjóðsstjórn.

#### Um 14. gr.

Tekjur Stofnlánadeildar landbúnaðarins flytjast til Búnaðarsjóðs, þó með þeirri veigamiklu undantekningu að lögbundin ríkisframlög falla brott. Einnig er lagt til að afnumið verði ½% gjald á söluvöru í fiskeldi og fiskirækt sem runnið hefur til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, enda er ekki sérstaklega mælt fyrir um skyldur Búnaðarsjóðs við fiskeldi og fiskirækt.

Í lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins segir að Framleiðsluráð landbúnaðarins annist innheimtu á gjöldum þeim sem lögð eru á söluvörur og þjónustu landbúnaðarins og heildsöluverð landbúnaðarvara. Ekki þykir rétt að binda slíkt í lög. En tekið er fram í þessari grein frumvarpsins að Búnaðarsjóður geti samið við annan aðila um að hann annist innheimtu á gjöldum samkvæmt þessari grein. Þá segir að innheimta og álagning gjaldanna skuli fara fram samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Sami háttur hefur verið hafður á varðandi álagningu og innheimtu gjalda til Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

#### Um 15. gr.

Ekki þykir rétt að lögfesta ákveðna deildaskiptingu eða starfsskipulag sjóðsins þar sem aðstæður og þarfir geta verið breytingum undirorpnar. Samkvæmt þessari grein getur landbúnaðarráðherra samkvæmt tillögum stjórnar sjóðsins, sem fer, eins og fyrr getur, með æðsta vald í málefnum hans, sett nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og framkvæmd laga þessara í reglugerð. Þó er sérstaklega tekið fram að stjórn sjóðsins geti ákveðið að við sjóðinn skuli starfrækt sérstök tryggingardeild útflutningslána, sbr. 27.–29. gr.

Tekið er fram að landbúnaðarráðherra skuli setja sérstaka reglugerð um úthlutun fjármagns þess sem rennur í hina sérstöku deild innan Búnaðarsjóðs á grundvelli 34. gr. og 37. gr. laga nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Um 16. gr.

Hér er hlutverk Iðnaðarsjóðs skilgreint. Kaflinn geymir síðan, með hliðstæðum hætti og kaflarnir um hina atvinnuvegasjóðina, nánari ákvæði um það hvernig sjóðurinn skuli vinna að hlutverki sínu.

Hlutverk Iðnaðarsjóðs er að efla framleiðslu og framleiðni í iðnaði eða öðrum atvinnugreinum. Að öðru leyti vísast til athugasemda með 2. gr. frumvarpsins.

Um 17.–24. gr.

Ákvæði þessi eru nánast samhljóða 3.–10. gr. frumvarpsins og vísast til athugasemda með þeim greinum.

Um 25. gr.

Samkvæmt þessari grein skal starfa sérstök deild við Iðnaðarsjóð er hafi það hlutverk að styðja nýsköpun og umbætur í iðnaði eða öðrum atvinnugreinum. Gert er ráð fyrir að eignir vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs renni í þessa deild, sbr. 2. mgr. 31. gr., sem og <sup>4</sup>/<sub>7</sub> hlutar þess gjalds sem innheimt verður hjá iðnaðinum í landinu. Skv. 2. tl. 1. mgr. 16. gr. ber að halda fé þessu og fjármagnstekjum af því aðgreindu í bókhaldi og reikningum sjóðsins.

Sjá enn fremur athugasemdir með 11. gr. frumvarpsins.

Um 26. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 27. gr.

Svo sem áður segir er gert ráð fyrir að auk hinnar sérstöku deildar, samkvæmt 25. gr. frumvarpsins, starfi svonefnd tryggingardeild útflutningslána innan Iðnaðarsjóðs. Lagt er til að hlutverk tryggingardeildar verði fjórþætt. Er um að ræða sams konar hlutverk og mælt er fyrir í 2. gr. laga nr. 60/1970 um tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð, þó þannig að útflutningur á þjónustu er gerður jafnréttár og útflutningur á vöru, sbr. 4. tölulið sem er algjört nýmæli. Það skal ítrekað að tryggingardeild er ekki einungis ætlað að sinna iðnaði, heldur og öðrum útflutningsgreinum.

Um 28. gr.

Í þessari grein er mælt svo fyrir að iðgjöld tryggingardeildar skuli ákvörðuð með það fyrir augum að þau standi undir rekstri deildarinnar og greiðslu tjónabóta. Með þessu er lögð áhersla á að deildin verði rekin á viðskiptagrundvelli. Yrði væntanlega tekið mið af reynslu annarra Norðurlandþjóða við ákvörðun iðgjalda, a.m.k. í upphafi. Óhjákvæmilegt þykir að Ríkisábyrgðasjóður beri ábyrgð á skuldbindingum deildarinnar hrökkvi eigið fé hennar ekki til, en í því tilviki skal stefnt að því að iðgjöld verði hækkuð svo að Ríkisábyrgðasjóður fái það endurgreitt sem hann hefur innt af hendi. Vegna ábyrgðar Ríkisábyrgðasjóðs á greiðslu tjónabóta er kveðið svo á að iðgjöld og starfsreglur deildarinnar skuli háð samþykki fjármálaráðherra, sbr. 27. og 29. gr., en Ríkisábyrgðasjóður lýtur stjórn hans. Einnig segir í 29. gr. að sérstaklega tilnefndur fulltrúi fjármálaráðherra skuli sitja þá stjórnarfundum Iðnaðarsjóðs sem haldnir eru um málefni deildarinnar.

Um 29. gr.

Nauðsynlegt þykir að setja stjórnendum tryggingardeildarinnar nokkurt aðhald í lögum. Annars staðar á Norðurlöndum hafa hliðstæðar stofnanir sett því ákveðin skilyrði hvernig þau lán skuli vera sem tryggð eru, t.d. með skilyrðum um hámarkshlutfall lána af kaupverði, lánstíma o.s.frv. Er gert ráð fyrir að skilmálar tryggingardeildar taki mið af þessum skilyrðum, svo og sérstökum aðstæðum hér á landi. Þá þykir rétt að setja skuldbindingum

tryggingardeildar ákveðin takmörk. Gerð er tillaga um hámark er jafngildi eitt hundrað milljónum sérstakra dráttarréttinda (SDR) og er þá höfð hliðsjón af því sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum. Á meðan reynsla er ekki fengin af starfsemi hinnar nýju deildar þykir eðlilegt að hafa hámark þetta nokkru lægra hér á landi í hlutfalli við heildarvöruútflutning en gengur og gerist í nágrannalöndunum. Á árinu 1984 nam vöruútflutningur okkar Íslendinga jafnvirði 727,5 milljóna SDR og er hlutfallið því 13,7% s.l. ár.

Um 30. gr.

Sjá athugasemdir með 13. gr. frumvarpsins.

Um 31. gr.

Tekjur Iðnaðarsjóðs verða þær sömu og tekjur Iðnlánasjóðs, með þeirri veigamiklu undantekningu þó að lögbundin ríkisframlög falla brott. Sem fyrr greinir skulu  $\frac{4}{7}$  hlutar af því gjaldi, sem innheimt er af iðnaðinum í landinu skv. þessari grein, renna til sérstakrar nýsköpunar- og umbótadeildar innan sjóðsins, en sama hlutfall rann áður til vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs. Skulu  $\frac{2}{7}$  hlutar áfram renna óskiptir til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins. Hins vegar er fellt niður það ákvæði Iðnlánasjóðslaga að verja skuli 10% af árlegu iðnlánasjóðsgjaldi til að greiða fyrir hagrannsóknum í þágu iðnaðarins og aðgerðum sem stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri iðnþróun í landinu. Ekkert stendur þó í veginum fyrir að Iðnaðarsjóður eða hin sérstaka deild innan hans verji áfram fé til slíkra verkefna.

Um 32. gr.

Grein þessi er samhljóða 1. mgr. 15. gr. frumvarpsins að öðru leyti en því að iðnaðarráðherra kemur eðli málsins samkvæmt í stað landbúnaðarráðherra.

Um 33. gr.

Hér er hlutverk Sjávarútvegssjóðs skilgreint. Kaflinn geymir síðan, með hliðstæðum hætti og kaflarnir um hina atvinnuvegasjóðina, nánari ákvæði um hvernig sjóðurinn skuli vinna að hlutverki sínu.

Hlutverk Sjávarútvegssjóðs er að efla framleiðslu og framleiðni í sjávarútvegi eða öðrum atvinnugreinum. Að öðru leyti vísast til athugasemda með 2. gr. frumvarpsins.

Um 34.–41. gr.

Ákvæði þessi eru því sem næst samhljóða 3.–10. gr. frumvarpsins og vísast til athugasemda með þeim greinum.

Um 42. gr.

Samkvæmt þessari grein skal starfa sérstök deild við Sjávarútvegssjóð er hafi það hlutverk að styðja nýsköpun og umbætur í sjávarútvegi eða öðrum atvinnugreinum. Gert er ráð fyrir að eignir Fiskimálasjóðs renni í þessa deild, sbr. 2. mgr. 45. gr., sem og 5% af þeim hluta útflutningsgjalds af sjávarafurðum sem rennur til sjóðsins lögum samkvæmt. Ber að halda þessu fé og fjármagnstekjum af því aðgreindu í bókhaldi og reikningum sjóðsins.

Sjá enn fremur athugasemdir með 11. gr. frumvarpsins.

Um 43. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 44. gr.

Sjá athugasemdir með 13. gr. frumvarpsins.

Um 45. gr.

Tekjur Sjávarútvegssjóðs verða þær sömu og tekjur Fiskveiðasjóðs Íslands og Fiskimálasjóðs með þeirri veigamiklu undantekningu þó að lögbundin ríkisframlög falla brott. Sem fyrr greinir skulu 5% af þeim hluta útflutningsgjalds af sjávarafurðum sem til Sjávarútvegssjóðs rennur lögum samkvæmt renna til sérstakrar nýsköpunar- og umbóta-deildar innan sjóðsins. Er það svipað hlutfall og rennur nú til Fiskimálasjóðs.

Um 46. gr.

Samkvæmt lögum nr. 4/1976 um Stofnfjár sjóð fiskiskipa skal starfa sérstök deild við Fiskveiðasjóð Íslands er nefnist Stofnfjár sjóður fiskiskipa. Lagt er til að Stofnfjár sjóður fiskiskipa verði eftir gildistöku laga þessara deild við Sjávarútvegssjóð.

Um 47. gr.

Ekki þykir rétt að lögfesta ákveðna deildaskiptingu eða starfsskipulag Sjávarútvegssjóðs umfram það sem gert er ráð fyrir í 46. gr. Þó er sérstaklega tekið fram að stjórn sjóðsins geti ákveðið að við sjóðinn skuli starfrækt sérstök tryggingardeild útflutningslána, sbr. og 27.–29. gr.

Um 48. gr.

Ekki þykir eðlilegt að ákveða með lögum að tiltekna bankastofnanir eða aðrar stofnanir annist daglegan rekstur sjóðanna. Hins vegar er tekið fram að sjóðsstjórnunum sé heimilt að semja um það að aðrar stofnanir annist daglegan rekstur sjóðanna. Stjórnirnar meta það því sjálfar hvort og hvar eftir slíku er leitað.

Um 49. gr.

Hér er gert ráð fyrir að sjóðirnir geti tekið lán til starfsemi sinnar, innanlands eða erlendis, í samræmi við lánsfjárlög hverju sinni. Lagt er til að hver sjóður geti tekið slík lán beint og milliliðalaust telji stjórn hans slíkt hagkvæmt. Ekkert er því hins vegar til fyrirstöðu að lántaka fari fram fyrir milligöngu annarra aðila, t.d. Framkvæmdasjóðs eða Seðlabanka.

Ekki verður til að dreifa lögbundinni ríkisábyrgð á skuldbindingum sjóðanna og verður því að afla ríkisábyrgðar sérstaklega á einstökum lántökum eða skuldbindingum til þess að slík ábyrgð verði fyrir hendi. Ríkisábyrgð, sem fyrir hendi var á skuldbindingum sem sjóðirnir yfirtaka við gildistöku laga þessara, helst þó.

Um 50. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 51. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 16. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 89/1966, um Framleiðnisjóð landbúnaðarins, 26. gr. laga nr. 68/1967, um Iðnlánasjóð, og 19. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands. Þau ákvæði Framleiðni- og Fiskveiðasjóðslaga að tiltekin skjöl séu undanþegin stimpilgjöldum og/eða þinglýsingargjöldum eru ekki tekin upp í greinina.

Um 52. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 15. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, og 3. mgr. 5. gr. laga nr. 89/1966, um Framleiðnisjóð landbúnaðarins, 25. gr. laga nr. 68/1967, um Iðnlánasjóð, og 2. másl. 22. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.



Um 53. gr.

Ákvæði þetta um þagnarskyldu er í samræmi við slík ákvæði í lögum um banka og aðrar lánastofnanir og þarfnast ekki skýringa.

Um 54. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 55. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 56. gr.

Lagaákvæði um Byggingastofnun landbúnaðarins eru hér úr gildi numin, en Byggingastofnun starfar nú undir stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins sem greiðir kostnað af rekstri hennar. Verkefni Byggingastofnunar landbúnaðarins eru að samþykkja uppdrætti af þeim mannvirkjum sem lán eru veitt til úr Stofnlánadeild landbúnaðarins eða öðrum opinberum sjóðum sem stofnaðir kunna að verða að tilhlutan ríkisins og veita lán til mannvirkja í sveitum; að gefa út upplýsingarit með almennum leiðbeiningum um byggingar og fyrirkomulag þeirra; að sjá bændum fyrir hentugum teikningum af mannvirkjum og húsum til sveita; að fylgjast með innlendum og erlendum nýjungum í húsagerð, rannsaka þær og gera tilraunir með það er til framfara mætti verða í gerð og notkun húsa; og að gera áætlanir og skipulagsuppdrætti fyrir byggingar í sveitum og gefa ráleggingar um fjárfestingu. Samkvæmt fúmvarpi þessu yfirtekur Búnaðarsjóður eignir og skuldir Byggingastofnunar landbúnaðarins. Þar með verður það lagt í vald sjóðsins að ákveða hvort og þá að hvaða leyti starfsemi Byggingastofnunar samræmist hlutverki sjóðsins og skuli því haldið áfram á vegum hans.

Lögbundin skylda Stofnlánadeildar landbúnaðarins til að greiða hugsanlegan mismun á tekjum og útgjöldum Lífeyrissjóðs bænda færast ekki yfir á Búnaðarsjóð né heldur lögákveðinn réttur Stofnlánadeildar til lána úr lífeyrissjóðnum.

Um 57.–58. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 60. gr.

Samkvæmt 3. tl. 4. gr. laga nr. 52/1983 renna 18% útflutningsgjalds af sjávarafurðum, öðrum en grásleppuafurðum, til Fiskveiðasjóðs og 0,8% til Fiskimálasjóðs. Lagt er til að hér eftir renni 18,8% útflutningsgjaldsins til Sjávarútvegssjóðs.

Um 61. gr.

Tekjur af útflutningsgjaldi af grásleppuafurðum, sem nú renna til Fiskveiðasjóðs Íslands, renna framvegis til Sjávarútvegssjóðs.